

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/3033
komudagur 22.8.2011

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 19.08.2011
Tilv. 0011/2011 - 0.2.1

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 20. júní 2011, þar sem Fiskistofu er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (uppboð aflaheimilda), 839. mál. Fiskistofa þakkar Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis fyrir að hafa fengið ofangreint frumvarp sent til umsagnar.

Í 1. mgr. 2. gr. segir: „Á eftir 3. gr. a. laganna....“ Fiskistofa vekur athygli á því að staflíð a er væntanlega ofaukið þarna.

Í 2. mgr. staflíðar a í 2. gr. segir að hlutdeild hvers sveitarfélags í heildarafla skuli vera hin sama og samanlögð hlutdeild skráðra fiskiskipa í sveitarfélaginu við gildistöku laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990. Fiskistofa vekur athygli á því að ekki er algilt að skip landi afla sínum í því sveitarfélagi sem það skráð í og dæmi eru um skip sem aldrei koma til heimahafnar en landa öllum sínum afla í öðru sveitarfélagi.


Í 2. málslíð 1. mgr. staflíðar b í 2. gr. segir að uppboð skuli kynnt rækilega með hæfilegum fyrirvara. Fiskistofa telur mikilvægt að skilgreint sé hver hæfilegur fyrirvari er og með hvaða hætti beri kynna uppboð.

Vegna staflíðar c í 2. gr. vill Fiskistofa vekja athygli á því að ákvæði greinarinnar kunna að leiða til þess að verulega verði veitt umfram leyfilegan heildarafla í einstökum tegundum.

Í 1. mgr. staflíðar d í 2. gr. segir að afli skuli seldur á innlendum uppboðsmarkaði sjávarafla sem fengið hefur leyfi Fiskistofu. Vakin er athygli á því að skv. lögum nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla, veitir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leyfi til reksturs uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla, ekki Fiskistofa.

Fiskistofa gerir að svo stöddu ekki frekari athugasemdir við frumvarp þetta.

F. h. Fiskistofu


Eyþór Björnsson